

Mál nr. 2/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 21. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2010:

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 1. mars 2010 er farið fram á úrskurð nefndarinnar en hún er kærð fyrir margvísleg brot á lögum og grundvallarreglum félagsins. Þannig er hún ásökuð um að hafa unnið á móti HRFÍ og skaðað orðstýr félagsins. Þá er hún kærð fyrir að rækta og selja hvolpa án ættbókar, selja hunda til aðila sem stunda endursölu. Eins er hún sökuð um að hafa notað til undaneldis hunda sem ekki hafa verið sýndir á ræktunarsýningum HRFÍ né hlotið þá umsögn að vera hæfir til undaneldis. Kæran var send kærðu með bréfi dagsettu 3. mars og henni gefin kostur á að andmæla framkominni kæru. Var kærðu veittur fjögurra vikna frestur til að skila inn umsögn. Engin andmæli bárust innan tímafresta og var kærðu því send ítrekun með bréfi dagsettu 3. maí. Var kærðu einnig gert viðvart að kæmu ekki fram andmæli mætti búast við því að siðanefnd tæki málið til úrlausnar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Siðanefnd barst í framhaldinu bréf dagsett 9. maí frá kærðu. Með bréfinu ítrekaði kærða úrsögn sína úr félaginu, bar því við að hún hefði munnlega gert það áður en meðeigandi hennar hefði greitt félagsgjöld fyrir árið að henni forspurðri og í hennar óþökk. Kærða frábað sér frekari bréfaskrif frá siðanefnd HRFÍ og óskaði eftir því að vera látin í friði. Til samræmis við lög félagsins sem og málsmeðferðarreglur nefndarinnar var kærða engu að síður boðuð á sáttafund hjá nefndinni 31. maí en kærða mætti ekki. Þar sem sættir tókust ekki milli aðila var málið tekið til úrskurðar hjá nefndinni.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Með framkominni kæru eru komnar fram ásanir um margvísleg brot gegn grundvallarreglum HRFÍ, reglugerð um skráningu í ættbók. Þannig er hún í kæru ásökuð um að hafa vanvirt markmið félagsins og skaðað orðstýr þess og þannig gerst brotleg við II.

kafla laga sem og 1. kafla grundvallarreglna félagsins. Eins er hún ásökuð um ýmis brot sem ræktandi, svo sem skráningu í ættbók og endursölu hvolpa.

a. Framkomin kæra um að kærða hafi skaðað orðstýr félagsins.

Í framlagðri kæru er kærða sökuð um að hafa borið út óhróður um HRFÍ og starfsemi þess með viðtali í DV. Á sama hátt með bréfaskriftum til FCI og að lokum með skrifum á veraldarvefnum, nánar tiltekið heimasíðu sinni. Í framlagðri kæru er lýst aðdraganda þess að kærða varð ill út í HRFÍ en samhengisins vegna er þarft að rekja þá deilu í stuttu máli enda þótt sú deila sé ekki grundvöllur úrskurðar siðanefndar.

Kærða seldi öðrum félagsmanni þrjá hunda af púðlakyni. Um kaupin var gerður kaupsamningur dagsettur 30. maí 2009. Kaupverð hundanna er þar tilgreint kr. 325.000 og er vísað til yfirlýsingar um greiðslu þess er fylgdi kaupsamningnum. Í yfirlýsingunni segir að kærða afsali hundunum til kaupanda. Þar er ennfremur tilgreint að hundarnir séu ekki augnskoðaðir en standist þeir augnskoðun muni kaupandi gefa út skuldabréf til handa seljanda vegna kaupanna. Í yfirlýsingunni er kaupverðið síðan nánar sundurliðað á hvern hund en í framhaldi af því segir:

„seljandi mun svo gefa út endanlegt afsal fyrir hundunum þegar þeir eru uppgreiddir og afhenda kaupanda ættbók þeirra.“

Hundarnir voru upphaflega settir á nafn kaupanda en sá starfsmaður HRFÍ sem það gerði las ekki allt skjalið, heldur aðeins efsta hluta þess þar sem fram kom að kærða afsali hundunum til kaupanda. Kærða kvartaði undan skráningunni með bréfi til stjórnar félagsins dagsettu 27. ágúst 2009 og krafðist hún leiðréttingar á skráningunni þannig að hún yrði aftur skráð sem eigandi hundanna. Tók formaður HRFÍ að sér að skoða málið og vera í sambandi við kærðu í framhaldinu. Við nánari skoðun kom í ljós að skilyrði kaupsamningsins voru uppfyllt og niðurstaðan því að kaupandi væri réttilega skráður eigandi hundanna. Formaður HRFÍ gekk enn lengra og hafði milligöngu um að þar til gerð skjöl sem útbúin voru af kærðu yrðu undirrituð af kaupanda og skyldu þau sótt á skrifstofu HRFÍ. Töldu starfsmenn skrifstofunnar að þar með væri málinu lokið.

Þann 22. október var framsendur til félagsins tölvupóstur sem kærða hafði upphaflega sent FCI. Í þeim tölvupósti kvartar kærða undan því að HRFÍ hefði skráð hundana yfir á nafn kaupanda. Ennfremur kvartar kærða undan framkomu formanns HRFÍ, ásakar hana um að koma ekki til skila bréfum er hún ritaði til stjórnar félagsins og kvartar undan milligöngu formannsins. Ennfremur kvartar hún undan því að vera illa liðin af stjórn félagsins og ásakar

félagið um að breyta reglum um ræktun hunda beinlínis til að koma illa við kærðu. Ásakar hún félagið um að setja reglurnar afturvirkir henni til höfuðs. Kærða kveðst rita FCI í þeim tilgangi að leita aðstoðar og til að upplýsa um starfshætti innan HRFÍ og það sem væri á mælisvert þar að hennar mati.

Síðar þann 23. október kom grein í DV. Þar ásakar kærða HRFÍ og kaupanda hundanna um þjófnað. Í greininni er nánar greint frá því að kærða hafi lagt fram kærú á hendur félaginu fyrir stuld á eignarrétti með því að afsala ættbókum af hennar nafni á nafn kaupanda. Það skal tekið fram að blaðamaður þar frásögn kærðu undir formann HRFÍ sem vísaði á sökunum kærðu á bug. HRFÍ barst síðar bréf frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum dags. 18. janúar 2010 þar sem tilkynnt var um framkomna kærú en að ekki hafi þótt koma fram í kærúnni né meðfylgjandi gögnum að um refsivert brot hafi verið að ræða og var kærúnni því vísað frá. Með umfjöllun á opinberum vettvangi þar sem félagið er ásakað um refsiverða háttsemi telur kærandi hana hafa skaðað orðstýr félagsins.

Ennfremur skrifaði kærða á heimasíðu sinni um starfsemi HRFÍ þann 9. nóvember. Þar lýsir hún atburðum eins og þeir horfa við henni og ásakar félagið að taka þátt í þjófnaði á hundum hennar og átelur að mistök skrifstofunnar hafi ekki verið leiðrétt. Ennfremur lýsti hún félaginu á niðrandi hátt:

„...Hundaræktarfélag Íslands er samansafn af saumaklúbbs kerlingum með nokkra menn innanborðs sem virðast þykja gaman að vera með, en þora svo engu, því þær eru svo frekar, reka þetta eins og þær eigi allan þakkann, gleyma því að þetta er félag sem saman stendur af fleirum meðlimum en þeim, nóg voru loforðin þegar framboð til kosninga fór fram, en svo skeður alltaf það sama, um leið og fólk er komið innanborðs, þá gleymast öll loforð.“

Á sama hátt og áður gagnrýnir kærða félagið fyrir að setja nýjar reglur og láta þær virka afturvirkir. Þetta telur kærða siðlaust og ólöglegt. Ennfremur ásakar hún félagið að hafa sett umræddar reglur er varða augnskoðun hunda til þess að koma illa við hana þar sem hún hafi ein verið með got á þessum tíma. Telur hún þetta sýna vinnubrögð félagsins.

Á heimasíðunni greinir kærða frá því að hún selji hvolpa án ættbókar en segir ástæðuna vera slæma reynslu af félaginu.

Þann 12. nóvember ritar kærða á heimasíðu sinni afar ósmekklegru ummæli um fólk sem starfar hjá HRFÍ auk þess sem kærða stærir sig af góðri og vandaðri ræktun hunda.

Þann 16. nóvember greinir kærða frá því að hafa fengið heimsókn frá héraðsdýralækna-embættinu sem hafi tekið út aðstöðuna hjá henni. Í því samhengi greinir hún frá ásökunum í kæru um að láta tíkurnar sínar eiga á hverju lóðarí. Upphaflega hafnar hún ásökunum í þá veru en segir svo í framhaldinu að vel geti farið svo að hún geri það sem hún sé sökuð um enda ...,,ekki bundin neinu vitleysislegu félagi, sem bara ljúga og pretta fólk, og ekkert að marka ættbækur frá þeim, og reglur ekki virtar að neinu leiti, nema þegar þeim þóknast“

Með ofangreindum ummælum í fjölmiðlum sem og á veraldarvefnum er kærða ásökuð um að hafa skaðað orðstýr HRFÍ og unnið gegn HRFÍ. Er það talið varða við 5. gr. a. laga Hundaræktarfélags Íslands sem og grein 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn.

b. Framkomin kæra um sölu á óættbókarfærðum hundum

Í framkominni kæru kemur fram að skrifstofu HRFÍ hafi borist upplýsingar um að kærða væri að selja hvolpa undan old english sheepdog hundunum Z og ZZ án ættbókar. Á heimasíðu sinni þann 12. nóvember í tengslum við frásögn kærðu af viðkynnum sínum af HRFÍ og starfsmönnum þess þá segist hún deila reynslu sinni í þeim tilgangi að skýra hvers vegna hún selur hvolpa án ættbókar. En fremur viðurkennir hún að hafa selt Old english Sheepdog hvolpana án ættbókar. Sömu viðurkenningu er að finna í síðari færslu á heimasíðu kærðu þann sama dag.

Á vef morgunblaðsins 10. febrúar 2010 auglýsir kærða að eiga aftur von á old english sheepdog hvolpum og að hún sé farin að taka niður pantanir.

Ennfremur er kærða sökuð um að selja havanese hunda sem og hunda af tegundinni miniature Poodle. Með kærinni fylgdu útprentanir af vef morgunblaðsins frá 9. febrúar 2009 þar sem miniature Poodle hvolpar undan innfluttum hundum eru auglýstir til sölu án ættbókar. Sömu auglýsingu er að finna um havanese tíkur sem boðnar eru til sölu án ættbókar.

Með framangreindri háttsemi telur kærandi að kærða hafi vísvitandi sniðgengið reglur og ákvarðanir HRFÍ með því að rækta undan hundum sem ekki eru ættbókarfærðir hjá HRFÍ, ættbókarfæra ekki hvolpa og selja þá án ættbókar. Kærða hafi þannig gerst brotleg við grein 1.4, 2.2 og 3.7 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn. Að sama skapi hafi kærða gerst brotleg við ýmis ákvæði í reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands.

Í svarbréfi kærðu til siðanefndar viðurkenndi kærða að rækta hunda án ættbókar og selja þá.

c. Framkomin kæra um sölu á hvolpum til aðila sem stunda endursölu.

Í kæru er greint frá því að kærða hafi á þeim tíma er hún rak einangrunarstöð flutt inn mikið af hundum og selt þá til hundaræktunarbúsins í Dalsmynni. Að sögn kæranda hafi kærða gert þetta líka eftir að hún hætti rekstri einungrunarstöðvarinnar í september 2008. Er kærða kærð fyrir að hafa selt Ástu í Dalsmynni tíkina Y og tíkina YY. Með framangreindri háttsemi er það mat kæranda að kærða hafi gerst brotleg við grein 4.5 í grundvallarreglum félagsins sem og I. kafla liðs 8. reglugerðar um skráningu í ættbók Hundaræktarfélag Íslands.

III. Forsendur

Fyrir liggur að kærða sagði sig úr HRFÍ áður en málið var tekið til úrskurðar. Samkvæmt niðurlagi 6. töluliðar 28. gr. laga félagsins getur siðanefnd úrskurðað um brot fyrrverandi félagsmanns að því tilskyldu að brotin hafi átt sér stað í félagstíð hans. Samkvæmt upplýsingum fengnum úr tölvukerfi HRFÍ mun kærða hafa hringt í skrifstofu félagsins og sagt sig úr félaginu 8. mars 2010. Kæran er dagsett 26. janúar 2010 og varða atvik sem urðu áður en úrsögn kærðu kom til. Mun kæran því tekin til efnislegrar meðferðar.

a. Framkomin kæra um að kærða hafi skaðað orðstýr HRFÍ og unnið gegn félaginu.

Samkvæmt grein 5. a) í lögum félagsins geta allir þeir orðið félagsmenn HRFÍ sem áhuga hafa á málefnum HRFÍ og eru ekki félagsmenn í öðrum félögum sem vinna á mótum HRFÍ og markmiðum þess, hafa ekki gerst sekir um illa meðferð á dýrum eða á annan hátt vanvirt markmið félagsins eða skaðað orðstýr þess.

Í tilvitnuðu ákvæði er fjallað um hverjir geti sóst eftir að verða félagsmenn í HRFÍ. Þar sem siðanefnd úrskurðar einungis um ágreining milli félagsmanna ellegar deilda innan félagsins samkvæmt skýru orðalagi 26. gr. laganna er ljóst að ákvörðunarvald um hvort þeir sem sækjast eftir því, eru gjaldgengir til að gerast félagsmenn er hjá stjórn félagsins sem samkvæmt 11. gr. laga HRFÍ fer með málefni þess.

Samkvæmt grein 1.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn frá 12. ágúst 2009 ber félagsmönnum að:

„Koma ávallt þannig fram að það skaði ekki eða vinni á móti HRFÍ.“

Við mat á því hvort framkoma kærðu hafi skaðað eða unnið gegn HRFÍ verður að taka tillit til þess grundvallarréttar kærðu að hafa skoðanir og láta þær í ljósi. Felst í því réttur að gagnrýna störf HRFÍ og starfsmanna þess. Við það mat verður einnig að taka tillit til þess að gagnrýni á störf félagsins getur líka verið af hinu góða og orðið til frampróunar í félaginu. Það er því afar hættulegt að takmarka tjáningarfrelsi félagsmanna nema brýna nauðsyn krefji og þegar setja má slíkar skorður lögum samkvæmt.

Tjáningarfrelsi eru alltaf skorður settar. Þannig verður kærða að ábyrgjast þær skoðanir sem hún hefur látið í ljósi og prenti hugsanlega fyrir dómi. Það er alkunna að tjáningarfrelsinu eru sett takmörk með tilliti til siðgæði og/eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Ennfremur var kærða félagsmaður í HRFÍ á þessum tíma er hún lét ummælin falla en með inngöngu í félagið undirgekkst hún að virða grundvallarreglur félagsins og með því tekist á hendur skuldbindingu að skaða ekki eða vinna á móti HRFÍ.

Siðanefnd telur að með aðdróttunum og skrifum til FCI hafi kærða látið að því liggja að HRFÍ væri að brjóta gegn félagsmönnum sínum og uppfyllti þannig ekki reglur FCI. Félagið hefur mikilsverða hagsmuni af aðild FCI en brottrekstur þaðan yrði félaginu afar þungbært. Siðanefnd sér ekki að tilgangur bréfsins hafi verið annar en að skaða orðstýr félagsins. Að sama skapi hefur kærða gengið lengra í ummælum sínum en góðu hófi gegnir. Hún lét sér ekki nægja að viðhafa gagnrýni við störf félagsins, hún ásakaði félagið um ólögmeta starfshætti auk þess sem hún meiddi æru þess fólks sem unnið hefur í þágu félagsins.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að kærða hefur með ummælum sínum gengið lengra en lög leyfa og þannig unnið gegn HRFÍ og skaðað félagið. Hefur hún því gerst brotleg við grein 1.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn frá 12. ágúst 2009.

b. Framkomin kæra um sölu á óættbókarfærðum hundum

Samkvæmt grein 1.4. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn ber félagsmönnum að:

„Framfylgja lögum og reglum HRFÍ. Leggja sig fram um að uppfylla skyldur, sem fylgja því að halda hund og sniðganga ekki reglur og ákvarðanir HRFÍ.“

Um er að ræða vísireglu sem hefur að geyma almennar skyldur félagsmanna að framfylgja reglum og ákvörðunum HRFÍ. Í máli því sem hér er til úrlausnar liggur fyrir viðurkenning kærðu að rækta og selja hvolpa án ættbókar. Nánar verður fjallað um þau brot kærðu hér á eftir en ljóst er að kærða er vísvitandi að sniðganga reglur félagsins sem

gilda um ræktun. Þegar af þeirri ástæðu er hún brotleg við grein 1.4. í grundvallarreglum félagsins. Brot hennar eru umfangsmikil enda er hún með viðamikla ræktun í bága við reglur og ákvarðanir HRFÍ.

Samkvæmt grein 2.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn ber félagsmönnum við ræktun að:

„ Rækta aðeins hunda sem eru ættbókarfærðir hjá Hundaræktarfélagi Íslands eða hjá viðurkenndu hundaræktarfélagi innan F.C.I.“

Kærða hefur viðurkennt að hvolpar hennar séu ekki ættbókarfærðir hjá HRFÍ enda auglýsir hún þá til sölu án ættbókar. Af framlögðum gögnum fæst ekki betur séð en kærða stundi umfangsmikla ræktun án þess að ættbókarfæra hunda sína hjá HRFÍ. Hefur kærða þannig gerst brotleg við grein 2.2 í grundvallarreglum félagsins.

Ræktendum í HRFÍ ber jafnframt samkvæmt grein 3.7. í grundvallarreglum félagsins að:

„Að ættbókarfæra alla hvolpa úr goti samtímis hjá HRFÍ og örmerkja hvolpa áður en þeir eru afhentir nýjum eiganda.“

Eins og fram er komið hefur kærða viðurkennt að selja hvolpa án ættbókar og þegar af þeirri ástæðu fellst siðanefnd á það með kæranda að kærða hafi gerst brotleg við ofangreinda reglu í grundvallarreglum félagsins.

c. Framkomin kæra um sölu á hvolpum til aðila sem stunda endursölu.

Til staðfestingar kæru um að selja tvær tíkur til hundaræktarbús þar sem hundarnir voru ætlaðir til endursölu hefur kærandi bent á nokkrar vefsíður máli sínu til stuðnings. Siðanefnd getur ekki fallist á að efni framangreindra vefsíða sýni fram á að kærða hafi selt tíkurnar til endursölu. Þess utan er bent á það sem haft er eftir eiganda búsins í blaðagrein DV. Ekki er fallist á að ummæli eiganda búsins feli í sér staðfestingu þess að hún hefði keypt tíkurnar og ætlað þær til endursölu. Kæran að þessu leyti er því svo vanreifuð og órökstudd að óhjákvæmilegt er að vísa þessum kærulið frá.

Af framangreindu er ljóst að kærða hefur gerst sek um margvísleg brot og eru sakir miklar. Siðanefnd er ekki kunnugt um fyrri brot kærðu. Varðandi brot kærðu er snúa að félaginu sjálfu þá eru þau brot þess eðlis að eðlilegt hefði verið að vísa kærðu úr félaginu í tiltekinn tíma. Þjónar það ekki tilgangi sínum þar sem kærða hefur sjálf sagt sig úr félaginu. Verður því látið nægja að áminna kærðu vegna þessara brota en af gefnu tilefni er stjórn félagsins

bent á að samkvæmt 5. gr. laga félagsins geta þeir einir orðið félagsmenn sem ekki hafa gerst sekir um að vanvirða markmið félagsins eða skaðað orðstýr þess.

Kærða hefur einnig gerst sek um umfangsmikla sölu hvolpa án ættbókar. Eru brotin ekki síður vítaverð þar sem kærða selur hvolpana undir merkjum ræktunarnafns er hún fékk sem félagsmaður í HRFÍ. Það er mat siðanefndar að kærða hafi misnotað sér ræktunarnafn sem hún fékk en er hún sótti um nafnið skrifaði hún undir yfirlýsingu þess efnis að hún hefði kynnt sér grundvallarreglur HRFÍ um hundarækt og sölu hunda og að hún myndi virða þær, sem og aðrar reglur og lög HRFÍ. Þá telur siðanefnd að kærðu sé óheimilt að nota ræktunarnafnið eftir að hún sagði sig úr félaginu enda er skýrt kveðið á um það í reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands að notkun ræktunarnafns sé bundin félagsaðild rétthafa þess. Með vísan til umfangs brotanna, skýlauss ásetnings til að halda áfram brotum sér siðanefnd sér ekki annað fært en svipta kærðu ræktunarnafninu Eldeyjar-.

IV. Niðurstaða

Kærða hefur gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ.

Kærða er áminnt.

Kærða er frá uppkvaðningu úrskurðar þessum svipt ræktunarnafninu Eldeyjar-

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Guðmundur Helgi Gunnarsson